

Nd.

54. Breytingartillögur

[24. mál]

við frv. til l. um breyt. á vegalögum, nr. 34 22. apríl 1947.

Frá Jóni Gíslasyni.

Við 1. gr. Framan við greinina bætist:

1. A. 40 í 2. gr. laganna orðist svo:
Reynishverfisvegur: Af Suðurlandsvegi á Fossholtum að Görðum í Reynishverfi.
2. Á eftir A. 40 í sömu gr. kemur nýr liður:
Mýrdalssandsvegur syðri: Af Suðurlandsvegi fyrir neðan Fagradal, yfir Mýrdalssand að Hraunbæ í Álftaveri.
3. A. 41 í sömu gr. orðist svo:
Álftaversvegur: Af Suðurlandsvegi við Skálmarbrú á Mýrdalssandi, um Þykkvabæjarklaustur að Mýrum og Jórvík í Álftaveri.
4. Á eftir A. 43 í sömu gr. kemur nýr liður:
Holtsgvegur: Af Suðurlandsvegi austan við Eldhraun um Skaftárbrú vestri að Holti á Síðu.
5. Á eftir A. 44 í sömu gr. kemur nýr liður:
Brunasandsvegur: Af Suðurlandsvegi austan Fossála á Síðu, um Brunasand sunnan hraunsins að Teygingalæk.